

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja tvær eyðijarðir.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja ábúanda Kleppustaða í Hrófbergshreppi í Strandasýslu eyðijörðina Aratungu í sama hreppi fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.
2. Að selja Guðjóni Guðmundssyni hreppstjóra að Eyri í Ingólfssfirði í Strandasýslu eyðijörðina Engjaness í Árneshreppi í sömu sýslu fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Elín Sigurðardóttir, kona Björns Sigurðssonar ábúanda og eiganda Kleppustaða í Hrófbergshreppi, hefur með bréfi, dags. 26. apríl 1955, til sýslumannsins í Strandasýslu farið fram á að fá keypta eyðijörðina Aratungu í sama hreppi. Jörð þessi er gömul kirkjuhjáleiga. Um þessa jarðarsölu segir sýslumaður Strandasýslu meðal annars:

„Öll hús á jörðinni hafa verið seld og rifin. Eru engar líkur til þess, svo að séð verði, að hún byggist aftur. Tel ég þau Kleppustaðahjón vel að því komin að fá jörðina keypta, enda er engum hægara að nytja hana en þeim.“

Guðjón Guðmundsson hreppstjóri, Eyri í Ingólfssfirði, hefur með bréfi, dags. 8. okt. 1955, til sýslumannsins í Strandasýslu farið þess á leit að fá keypta eyðijörðina Engjaness í Árneshreppi. Jörð þessi er kirkjujörð, talin eign Stafholtskirkju samkvæmt gömlum máldögum. Um þessa jarðarsölu segir sýslumaður Strandasýslu meðal annars:

„Þessi jörð mun hafa verið í eyði um langan aldur, en nytjuð af ýmsum í Árneshreppi. Landamerki skv. landamerkjaskrá eru talin þannig: Hornmark milli Engjaness og Drangavíkur er Þrælskleif, þaðan beint til fjalls, svo eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará, en hún ræður merkjum til sjávar milli Engjaness og Ófeigsfjarðar. — Engar líkur eru til þess, að jörð þessi komist í ábúð, svo að séð verði. Með tilliti til þess, að jörð þessi verður vart nytjuð af öðrum en þeim, sem búa í Árneshreppi, vil ég eftir atvikum mæla með því, að Guðjón hreppstjóri fái hana keypta.“

Hreppsnefnd Hrófbergshrepps hefur samþykkt, að leitað verði lagaheimildar til að selja eyðijörðina Aratungu.

Hreppsnefnd Árneshrepps hefur og samþykkt, að leitað verði lagaheimildar til að selja eyðijörðina Engjaness, með þeim fyrirvara þó, að jörðin verði ekki seld án vitundar hreppsnefndarinnar.

Með tilvísun til framanritaðs er með frv. þessu lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að selja tvær eyðijarðir í Strandasýslu.

Er þess vænt, að Alþingi samþykki þetta frv.

Fylgiskjal I.

Símskeyti.

Mótt. 8. febr. 1956.

Alþingismaður Hermann Jónasson
Tjarnargötu 42
Reykjavík.

Hólmavík nr. 11/12 21 8 1250.

Hreppsnefnd Hrófbergshrepps er því samþykk, að lagaheimild verði veitt til sölu eyðijarðarinnar Aratungu.

Oddviti Hrófbergshrepps.

Fylgiskjal II.

Símskeyti.

Mótt. 20. febr. 1956.

Alþingismaður Hermann Jónasson
Reykjavík.

Djúpavík nr. 11/12 34/33 20 1130.

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkti á fundi sínum í gær, að lagaheimild verði veitt til sölu eyðijarðarinnar Engjaness í Árneshreppi, enda verði jörðin ekki seld án vitundar hreppsnefndarinnar.

Oddviti Árneshrepps,
Sigurður Pétursson.